

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKA VIÐ ALPJÓÐASAMPYKKTINA UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU, SOLAS 1974, MEÐ BREYTINGUM.

(ATH: almenn ákvæði í svörtu letri, sérákvæði varðandi skip í **bláu letri**, sérákvæði varðandi hafnir í **grænu letri** og ákvæði sem varða stjórnvöld eru í **fjólubláu letri**. Texti sem þarfnast sérstakrar skoðunar vegna þýðingar er í **rauðu letri** og athugasemdir eða spurningar þýðandans eru í **rauðu skáletri**. Ákvæði sem falla utan við siglingaverndina eru í **brúnu letri**.)

V. KAFLI ÖRYGGI VIÐ SIGLINGAR

19. regla. Kröfur um siglingatæki og búnað.

1. Í stað undirgreina .4, .5 og .6 í málsgrein 2.4.2. komi eftirfarandi:

“.4 Önnur skip en farþegaskip og tankskip, 300 BT og stærri, en minni en 50.000 BT; ekki síðar en við fyrstu búnaðarskoðun¹ sem framkvæmd er eftir 1. júlí 2004 og aldrei síðar en 31. desember 2004 hafi búnaðarskoðun¹ ekki verið gerð fyrir þann tíma; og “

¹Með fyrstu búnaðarskoðun er átt við fyrstu árlegu skoðun (annual survey), fyrstu milliskoðun (periodical survey) eða fyrstu aðalskoðun (renewal survey) á öryggisbúnaði skipsins sem gerð er eftir 1. júlí 2004 og við frumskoðun skipa sem þá eru í smíðum.

2. Eftirfarandi nýr málslíður komi í lok undirgreinar .7 í málsgrein 2.4.:

Skip, sem búin eru sjálfvirku auðkenniskerfi, (AIS), skulu ávallt tryggja og viðhalda stöðugri útsendingu upplýsinga frá búnaðinum, nema í þeim tilvikum sem alþjóðlegir samningar, reglur og staðlar kveða á um trúnað eða takmörkun aðgangs að siglingafræðilegum gögnum.

XI. KAFLI SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR TIL EFLINGAR SIGLINGAÖRYGGIS

3. Heiti gildandi XI. kafla skal breytt í kafla XI-1.

3. regla. Kennitala skips.(Ship identification number).

4. Eftirfarandi málsgrein komi strax á eftir fyrirsögn reglunnar:

“(Ákvæði 4. og 5. málslíða gilda um öll skip sem regla þessi gildir um. Gagnvart skipum sem smíðuð eru fyrir [1. júlí 2004] taka ákvæði 4. og 5. málslíða gildi við fyrstu reglulegu (~~scheduled~~) ~~slipptöku/(drydocking)~~botnskoðun sem fram fer eftir 1. júlí 2004.

5. Gildandi ákvæði 4. málsgreinar er felld úr gildi. Í stað hennar komi eftirfarandi ný málsgrein:

“4. Kennitölu skips skal merkja með varanlegum hætti:

- 4.1 á vel sýnilegum stað á skut skips eða á báðar síður skips, miðskipa, stjórnborðs og bakborðs, yfir hæsta hleðsluborði (load line) skips, eða á hvorri hlið yfirbyggingar skips, stjórnborðs og bakborðs, eða á miðri framhlið yfirbyggingar eða, þegar um er að ræða farþegaskip, á láréttum fleti sem sést vel úr lofti; og
- 4.2 á vel aðgengilegum stað annað hvort á einu þverskipspíla sem afmarka aðalvélarúm skipsins, samkvæmt skilgreiningu reglu II-2/3.30, eða á einni lestarlúga skips, eða í farmdælurýmum olúflutningaskipa, eða einu þverskipspíla skipa sem búin eru ekjufarmrýmum samkvæmt skilgreiningu reglu II-2/3.41.

- 5.1. Varanleg merking kennitölu skal þannig að hún sé vel og greinilega læsileg, vel aðgreind frá öðum merkingum á bol skips og máluð í lit sem sker sig vel frá umhverfinu.
- 5.2. Hæð leturs/stafa í þeirri varanlegu merkingu, sem getið er í málsgrein 4.1., skal vera minnst 200 mm. Hæð leturs/stafa þeirrar merkingar sem getið er í málsgrein 4.2. skal vera minnst 100 mm. Lengd stafa í letri skal vera hlutfallsleg.
- 5.3. Varanlega merkingu á kennitölu skips skal gera með upphleyptum eða útskornum stöfum, eða á annan viðurkenndan hátt þannig að ill- eða ómögulegt sé að fjarlægja merkinguna án sýnilegra ummerkja.
- 5.4. Merking kennitölu skips, sem smíðað er úr öðru efni en málm, skal vera með þeim hætti sem stjórnvöld mæla fyrir um.

6. Eftirfarandi nýrri 5. reglu skal skeyta aftan við núgildandi 4. reglu.

5. Regla

Samfelld ferilskráning.(Continuous Synopsis Record)

1. Um borð í sérhverju skipi, sem fellur undir ákvæði 1. kafla, skal vera að finna skrá, sem hefur að geyma samfellda ferilskráningu skipsins.
 - 2.1. Markmið samfelldrar ferilskráningar er að veita upplýsingar um sögu/feril (record of history) skipsins í samræmi við þær upplýsingar sem þar skulu skráðar/tilgreindar.
 - 2.2. Ferilskrár skipa, sem smíðuð eru fyrir 1. júlí 2004, skulu í það minnsta greina frá sögu/ferli skipanna frá og með 1. júlí 2004.
1. Ferilskrá skips er skrá sem stjórnvald gefur út til hvers skips sem skráð eru í viðkomandi ríki(/sigla undir fána viðkomandi ríkis) og skal í það minnsta hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
 - .1. Heiti þess ríkis sem skipið er skráð í;
 - .2. Þann dag sem skipið var skráð á skipaskrá viðkomandi ríkis;
 - .3. Kennitölu skipsins í samræmi við 3. reglu;

- .4. Nafn skips;
 - .5. Heimahöfn skip;
 - .6. Nafn þess sem skráður er eigandi skips og heimilsfang hans;
 - .7. Nafn skráðs leigutaka skips og heimilsfang hans, sé skipið leigt þurrleigu.
 - .8. Nafn félags þess sem rekur skipið í samræmi við skilgreiningu í reglu IX-1, skráðu heimilsfangi hans og heimilsfang það sem tilgreint er í öryggisstjórnunarkerfi félagsins.
 - .9. Nafn þess flokkunarfélags, sem hefur með höndum eftirlit með flokkun skipsins.
 - .10. Nafn þess stjórnvalds, aðildarríkis eða viðurkennds aðila sem gefið hefur út gildandi öryggisstjórnunartorð, (Document of Compliance), í samræmi við kóðann fyrir alþjóðlega öryggisstjórnun (ISM-kode) samkvæmt skilgreiningu reglu IX-1 til viðkomandi “félags” og nafn þess aðila sem hefur annast úttækt á öryggisstjórnunarkerfi félagsins, sé hann annar en sá sem gaf út öryggisstjórnunartorðið.
 - .11. Nafn þess stjórnvalds, aðildarríkis eða viðurkennds aðila, sem gefið hefur út öryggisstjórnunarskírteini, SMC-skírteini, (eða bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini, Interim SMC-skírteini), í samræmi við ákvæði ISM-kóðans samkvæmt skilgreiningu reglu IX-1 til viðkomandi skips og nafn þess aðila sem tekið hefur út öryggisstjórnunarkerfi skipsins, sé hann annar en sá sem gaf út öryggisstjórnunarskírteinið.
 - .12. Nafn þess stjórnvalds, aðildarríkis eða viðurkennds aðila, sem gefið hefur út Alþjóðlegt siglingaverndarskírteini (eða Alþjóðlegt bráðabirgðasiglingaverndarskírteini) til skipsins í samræmi við A-hluta ISPS-kóðans samkvæmt skilgreiningu reglu XI-2/1 og nafn þess aðila sem annaðist skoðanir þær sem lagðar voru til grundvallar við útgáfu siglingaverndarskírteinisins, ef annar en sá sem annaðist útgáfu skírteinisins.
 - .13. Dagur sá er skipið var strikað út af skipskrá viðkomandi ríkis.
- 4.1. Allar breytingar sem gerðar eru og hafa áhrif á upplýsingar þær, sem tilgreindar eru í málslíðum 3.4 til og með 3.12 hér að ofan, skal færa inn í samfellda ferilskráningu viðkomandi skips með þeim hætti að þar megi fá samfelt og sögulegt yfirlit yfir allar slíkar breytingar.
 - 4.2. Ef um er að ræða breytingar sem falla undir ákvæði málsgreinar 4.1 skulu stjórnvöld gefa út annað hvort nýja ferilskrá eða færa allar viðeigandi leiðréttingar og breytingar inn í gildandi ferilskrá. Nýja ferilskrá eða viðeigandi leiðréttingar og breytingar í eldri ferilskrá skulu stjórnvöld gefa út eða leiðrétta við fyrsta hentugleika, og/en aldrei síðar en 3 mánuðum frá því að viðkomandi breytingar áttu sér stað eða tóku gildi.
 - 4.3. Ef um er að ræða breytingar sem falla undir ákvæði málsgreinar 4.1 geta stjórnvöld veitt “félagi”, eins og það er skilgreint í reglu IX-1, eða skipstjóra skips heimild til að færa inn í ferilskrá þess upplýsingar um viðkomandi breytingar. Allar slíkar breytingar eða

- áritanir félags eða skipstjóra á ferilskrá skipsins skal félagið tilkynna stjórnvöldum án tafar.
- 5.1. Ferilskrá skal rita á ensku, frönsku eða spænsku. Heimilt er að þýða ferilskrá á tungumál fánaríkis.
 - 5.2. Ferilskrá skal útbúin, sett upp, útfyllt og viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar sem Alþjóðasiglingastofnunin IMO gefur út. Undir engum kringumstæðum má eyða, breyta eða afmá áritanir í ferilskrá.
6. Þegar skip er skráð á skipaskrá annars ríkis, eða þegar skip skiptir um eigendur eða þegar skip skiptir um rekstaraðila (bareboat charterer), skal ferilskrá sú, sem í gildi var fyrir umskráningu, ávallt skilin eftir um borð í skipinu. (Hér er væntanlega átt við um afritið sem á að vera umborð í viðkomandi skipi).
 7. Þegar fyrirhugað er að skrá skip á skipaskrá annars ríkis, skal félagið tilkynna stjórnvöldum hvar ráðgert sé að skrá skipið til þess að viðkomandi stjórnvöld geti sent afrit af ferilskrá skipsins til þess ríkis þar sem skipið verður skráð.
 8. Þegar umskráning fer fram á skipi og það skráð á skipaskrá annars ríkis sem er aðildarríki, skulu stjórnvöld þess ríkis, þar sem skipið var skráð, senda stjórnvöldum þess ríkis, þar sem skipið verður skráð, afrit af ferilskrá skipsins, sem nær til þess tíma er skipið var á skipaskrá afskráningarríkis, og þær ferilskrár, sem fyrri skráningarríki skipsins gáfu út.
 9. Þegar umskráning fer fram á skipi, skulu stjórnvöld láta eldri ferilskrár fylgja nýrri ferilskrá sem viðauki við hana með þeim hætti að ferilskráning skipsins veiti samfelldar upplýsingar um feril skipsins í samræmi við markmið þessarar reglu.
 10. Ferilskrá skips skal varðveita á vísu stað um borð í skipi og vera tiltæk til skoðunar hvernær sem þess er krafist.

BREYTINGAR Á VIÐAUKA VIÐ ALÞJÓÐASAMÞYKKTINA UM ÖRYGGI MANNSLÍFA Á HAFINU, SOLAS 1974, MEÐ BREYTINGUM.

KAFLI XI-2. (CHAPTER XI-2) SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR TIL EFLINGAR SIGLINGAVERND.

1. Regla Skilgreiningar.

1. Í kafla þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar nema annað sé tekið sérstaklega fram:
 - .1 “Búlkaskip” er búlkaskip samkvæmt ákvæðum reglu IX/1.6.
 - .2 “Efnaflutningaskip” er efnaflutningaskip samkvæmt ákvæðum reglu VII/8.2
 - .3 “Gasflutningaskip” er gasflutningaskip samkvæmt ákvæðum reglu VII/11.2
 - .4 “Háhraðafar” er fljótandi far sem fullnægir ákvæðum reglu X/1.2.

- .5. “Færanlegur borpallur” er færanlegur búnaður til borunar í hafsbotninn, búinn eigin framdriftsbúnaði í samræmi við ákvæði reglu IX/1, þegar pallurinn er ekki á borunarstað.
- .6. “Olíuflutningaskip” er olíuflutningaskip samkvæmt ákvæðum reglu II-2/2.12.
- .7. “Félag” er félag samkvæmt ákvæðum reglu IX-1.
- .8. “Tengsl/vensl skips og hafnar” (ship/port interface) eru samskipti skips og hafnar sem eiga sér stað þegar skip er með beinum hætti orðinn þátttakandi í aðgerðum, sem fela í sér flutning á fólki og vörum eða hafnarþjónustu milli skips og hafnar. *(Hugtak þetta er óljóst að því er varðar hvernær slík tengsl myndast. Er það þegar lóðsbátur kemur að skipi sem leitar hafnar eða er það þegar dráttarbátur veitir skipi aðstoð eða er það þegar landfestar eru settar á polla?)*
- .9. “Höfn” (Port facility), er staður/svæði skilgeint af aðildarríki eða “tilnefndu stjórnvaldi” þar sem “tengsl skips og hafnar” eiga sér stað. Hugtakið getur einnig átt við um hafnarlegu þar sem skip liggja við akkeri og hafnarmannvirki þar sem skip bíða tímabundið eftir aðlegu, ásamt siglingaleið inn til og frá höfn, eftir því sem við á.
- .10. “Tengsl skipa í hafi” (Ship to ship activity): hvers kyns aðgerðir utan hafna sem fela í sér flutning á vörum eða fólki á milli skipa.
- .11. “Tilnefnt stjórnvald” (Designated authority): Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd þessarar alþjóðasamþykktar að því er varðar siglingavernd í höfnum og tengsl skips og hafnar með tilliti til sjónarmiða hafnarinnar
- .12. “ISPS-kóðinn”: Alþjóðlegur samningur um siglingavernd, sem samanstendur af A-hluta, (ákvæði sem ber að skoða sem skuldbindandi) og B-hluta (ákvæði sem ber að skoða sem leiðbeinandi) og sem samþykktur var á fundi Alþjóðasiglingastofnunarinnar, IMO, 12. desember 2002 sem “Ályktun 2” á ráðstefnu aðildarríkja Alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannslífa á hafinu, SOLAS-samþykktarinnar, frá 1974.
- .13. “Váatvik” (Security incident): Sérhver grunsamleg aðgerð eða atvik og grunsamlegar aðstæður sem fela í sér ógnun við öryggi skipa, þar með talið færanlegra borpalla og háhraðafara, eða öryggi hafnar, eða tengsla skips og hafna eða tengsl skipa í hafi.
- .14. “Vástig”(Security level): Skilgreint stig metinnar áhættu þess að tiltekið váatvik eigi sér stað eða kunni að eiga sér stað.
- .15. “Yfirlýsing um siglingavernd” (Declaration of security): samkomulag/samningur milli skips og hafnar eða milli tveggja skipa um þær verndarráðstafanir sem hvor aðili um sig skuldbindur sig til að viðhafa.
- .16. “Viðurkenndur verndaraðili” (Recognized security organization): er stofnun eða félag sem býr yfir sérfræðipækkingu á áhættu og áhættugreiningu og viðeigandi þekkingu á skipum og starfsemi hafna, og sem öðlast hefur réttindi til að framkvæma áhættumat, eða til skoðana, uttekta (verification), eða til viðurkenningar eða útgáfu skírteina í samræmi við ákvæði viðeigandi ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS kóðans.

2. Þegar hugtakið “skip” er notað í kafla þessum á það einnig við um færanlega borpalla og háhraðaför.
3. Þegar orðatiltækið “öll skip” er notað í kafla þessum, er átt við sérhvert skip sem ákvæði þessa kafla nær til.
4. Þegar hugtakið “aðildarríki” er notað í reglum þessum er einnig átt við “tilnefnt stjórnvald”.

2. regla Gildissvið

1. Ákvæði þessa kafla gilda um:
 - 1.1 eftirfarandi gerðir skipa, þegar þau eru notuð í alþjóðasiglingum:
 - 1.1.1 farþegaskip, þar með talin háhraða farþegaskip
 - 1.1.2 flutningaskip, þar með talin háhraðaför, sem eru 500 Bruttotonn og stærri
 - 1.1.3 færanlegir borpallar; og
 - 1.2 hafnir, sem þjóna þeim skipum sem að ofan getur þegar þau eru í alþjóðasiglingum.
2. Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar 1.2., geta aðildarríki ákveðið að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla og viðeigandi ákvæði í A-hluta ISPS-kóðans skuli gilda um hafnir undir þeirra eftirliti og umsjón, sem að öllu jöfnu eru aðeins notuð af skipum sem ekki eru í alþjóðasiglingum, en sem tilfallandi þjóna þó skipum sem koma til hafnar úr eða leggja úr höfn í alþjóðlegum siglingum.
 - 2.1 Aðildarríki skulu við ákvörðun samkvæmt 2. málsgrein hér að ofan leggja til grundvallar og byggja mat sitt á áhættumati hafnar, sem framkvæmt er í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans.
 - 2.2 Ákvörðun sem tekin er á grundvelli 2. málsgreinar hér að ofan, má ekki undir nokkrum kringumstæðum veikja eða leiða til lægra (level of security) viðbragðsstigs en verið hefði, ef ráðstafanir þær, sem í reglum þessum og í A-hluta ISPS kóðans felast, hefðu komið til framkvæmda. *(Vakin er athygli á að í reglum þessum er hugtakið “level of security” annað en “security level”. “Security level” á við skilgreint vástig sem stjórnvöld ákveða hverju sinni hvert skuli vera og sem viðbragðsaðgerðir miðast við. Viðbragðsstig er hins vegar tiltekið ástand sem skapast/myndast við það að tiltekna ráðstafanir eru gerðar og viðhafðar í fyrirbyggjandi tilgangi)*
3. Ákvæði þessa kafla ná ekki til herskipa eða skipa sem eru í eigu eða í þjónustu aðildarríkis þegar viðkomandi skip eru ekki notuð í atvinnuskyni.
4. Ekkert í ákvæðum þessa kafla skal víkja eða breyta réttindum og skuldbindingum ríkja samkvæmt ákvæðum alþjóðlaga.

3. regla Skuldbindingar aðildarríkja.

1. Stjórnvöld skulu tilgreina það vástig sem í gildi er hverju sinni og tryggja að upplýsingum þar að lútandi sé komið til þeirra skipa sem skráð eru í viðkomandi aðildarríki. Við breytingar á vástigi skal upplýsingum þar að lútandi komið á framfæri í samræmi við aðstæður hverju sinni.
2. Aðildarríki skulu tilgreina það vástig sem í gildi er hverju sinni og tryggja að upplýsingum þar að lútandi sé komið til hafna undir þeirra eftirliti og umsjón og til skipa sem eru í höfnum eða eru á leið til hafnar í viðkomandi aðildarríki. Við breytingar á vástigi skal upplýsingum þar að lútandi komið á framfæri í samræmi við aðstæður hverju sinni.

4. regla Kröfur til félaga og skipa.

1. Félög skulu fullnægja öllum viðeigandi ákvæðum þessa kafla og ákvæðum í A-hluta ISPS kóðans að teknu tilliti til þeirra leiðbeininga sem felast í B-hluta ISPS-kóðans.
2. Skip skulu fullnægja öllum viðeigandi ákvæðum þessa kafla og ákvæðum í A-hluta ISPS kóðans að teknu tilliti til þeirra leiðbeininga sem felast í B-hluta ISPS kóðans. Staðfesting þess að svo sé, skal gerð með viðeigandi vottun (to be verified) og skírteinisútgáfu, eins og mælt er fyrir um í A-hluta kóðans.
3. Ef tilgreint vástig hafnar aðildarríkis er hærra en vástig skips þess, sem þar kemur til hafnar eða sem liggur þar í höfn, skal skipið fullnægja þeim kröfum sem gilda um viðkomandi vástig hafnarinnar.
4. Sérhvert skip skal tafarlaust bregðast við breytingum sem fela í sér hækkun vástigs.
5. Fullnægi skip ekki þeim kröfum sem reglur þessar eða A-hluti ISPS-kóðans mæla fyrir um, eða geti það ekki fullnægt þeim kröfum sem leiða af tilgreindu vástigi, sem stjórnvöld eða annað aðildarríki hafa fyrirskipað, skal skipið tilkynna um slíkt til viðkomandi yfirvalda áður en skipið kemur til hafnar og áður en tengsl skip og hafnar eiga sér stað.

5. regla Sérstakök ábyrgð félaga.

1. Félag skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að skipstjóri skips hafi ávallt tiltækar með þeim hætti sem eftirlitsmenn hafnaryfirvalda geti sannreynt, eftirfarandi upplýsingar:
 - 1.1 Hver sé ábyrgur fyrir ráðningu áhafnar skipsins og annarra þeirra sem um borð í skipinu eru og gegna þar störfum. (*sjá frumtexta*)
 - 1.2 Hver sé ábyrgur fyrir því hvaða verkefnum/employment skipið sinnir, og
 - 1.3 Þegar skip er í rekstrarleigu annars aðila, hverjir séu aðilar að viðkomandi rekstarleigusamningi.

6. regla Vákall frá skipum.

1. Búnað til útsendingar á vákalli skal setja upp í öllum skipum. Um tímasetningar gildir eftirfarandi:
 - 1.1 Skip smíðuð eftir 30. júní 2004; við frumskráningu.
 - 1.2 Farþegaskip, þar með talin háhraðaför, ssem smíðuð eru fyrir 1. júlí 2004; við fyrstu reglubundnu skoðun fjarskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2004.
 - 1.3 Olíuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, búlkaskip og háhraðaflutningaskip, sem eru 500 BT og stærri og sem smíðuð eru fyrir 1. júlí 2004; við fyrstu reglubundnu skoðun fjarskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2004.
 - 1.4 Önnur flutningaskip 500 BT og stærri, færanlegir borþallar sem smíðuð eru fyrir 1. júlí 2004; við fyrstu reglubundnu skoðun farskiptabúnaðar eftir 1. júlí 2006.
2. Búnaður til útsendingar vákalls skal við ræsingu:
 - 2.1 senda út (*með sjálfvirkum hætti eða má þetta vera manuelt???*) vákall til (**competent authority**) (**tilgreinds**) aðila sem stjórnvöld hafa (**tilnefnt**), sem að því er varðar vákall, má vera félagið, og þar sem fram kemur nafn skipsins eða önnur einkenni þess, staðsetning þess og tilkynning um að skipinu sé ógnað eða að siglingavernd þess sé skert;
 - 2.2 Ekki senda slíkt vákall til annarra skipa;
 - 2.3 Ekki setja af stað viðvörðun eða ummerki um slíkrar útsendingu um borð í skipinu sjálfu; og
 - 2.4 Halda áfram slíkum útsendingum þar til sending er stöðvuð????
3. Búnaður til útsendingar vákalls skal;
 - 3.1 ræsanlegur úr brú og að minnsta kosti frá einum öðrum leynilegum/leyndum stað í skipinu; og
 - 3.2 fullnægja þeim stöðlum, sem Alþjóðasiglingastofnunin, IMO, kann að gera til slíks búnaðar.
4. Ræsihnappi útsendingarbúnaðar vákalls skal þannig fyrir komið að komið sé í veg fyrir ómeðvitaða/(ótilætlaða ræsing) ræsingu búnaðarins eða ræsingu án ásetnings.
5. Fjarskiptabúnað þann, sem skipið er búið í samræmi við ákvæði IV. Kafla (**requirement of Chapter IV**), má nota til að senda út vákall ef ákvæðum þessa kafla er að öðru leyti fullnægt.
6. Þegar stjórnvöldum berst tilkynning um vákall, skulu þau þegar tilkynna það þeim ríkjum sem liggja næst (**tilkynntri**) staðsetningu skipsins (**in the vicinity of which the ship is presently operating**).
7. Þegar aðildarríki fær tilkynningu um vákall frá skipi, sem ekki er skráð í viðkomandi ríki, skal ríkið þegar gera fánaríki viðkomandi skips viðvart um tilkynninguna, og ef við á, ríkjum sem liggja næst (**tilkynntri**) staðsetningu skipsins.

7. regla

Ógnun við öryggi/siglingavernd skipa.

1. Sérhvert aðildarríki skal (á hverjum tíma) tilgreina það vástig sem í gildi er og koma upplýsingum um það á framfæri við þau skip sem eru staðsett innan lögsögu viðkomandi ríkis eða sem tilkynnt hafa um að þau séu að leið inn í lögsögu ríkisins. (Getur eitt tiltekið vástig verið í gildi innan lögsögu ríkis og síðan önnur vástig í gildi innan einstakra hafna?)
2. Aðildarríki skulu tilgreina/útnefna þann “point of contact” tengilið sem (á hverjum tíma) veitir skipum (hvers kyns) upplýsingar og aðstoð og þangað sem skip geta tilkynnt um atvik, atburði eða málefni sem lúta að siglingavernd.
3. Sé tilefni til að ætla að skipi eða skipum sé ógnað, skal viðkomandi aðildarríki tilkynna viðkomandi skipi eða skipum og viðkomandi stjórnvöldum (siglingayfirvöldum fánaríkis þess eða þeirra ??) um:
 - 3.1. vástig það, sem í gildi er í viðkomandi aðildarríki
 - 3.2. Hvers kyns ráðstafanir sem viðkomandi skip skuli/sé ráðlagt að grípa til í þeim tilgangi að verjast slíkri ógn í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans.
 - 3.3. um þær verndarráðstafanir sem aðildarríkið/coastal state hyggst grípa til, (í þeim smáatriðum sem tilefni er til hverju sinni.???? ATH)

8. regla

Ábyrgð skipstjóra á öryggi og vernd skips.

1. Félag, leigutaki skips eða sérhver annar má ekki koma í veg fyrir að skipstjóri, á grundvelli eigin reynslu og faglegs mats á aðstæðum “professional judgement”, grípi til nauðsynlegra ráðstafana og aðgerða í þeim tilgangi að tryggja og viðhalda siglingavernd skipsins. Þessar ráðstafanir geta verið bann við aðgangi manna að skipinu eða umborð í það ,(nema þeirra sem með skilríkjum geta sýnt fram á að þeir starfi á vegum aðildarríkis), bann við að handfarangur slíkra manna fari um borð í skipið, og bann við því að farmur/vörur sé tekinn umborð í skipið, þ.m.t. gámar eða aðrar lokaðar einingar.
2. Ef skipstjóri telur á grundvelli eigin reynslu og faglegs mats að ákvæði um siglingavernd (security) samkvæmt reglum þessum samræmist ekki ákvæðum um öryggi við siglingar (safety), ber honum að sjá til þess að ákvæðin um öryggi við siglingar njóti forgangs. Í slíkum tilvikum er skipstjóra heimilt að grípa til tímabundinna verndarráðstafana. Skal hann við fyrsta hentugleika tilkynna slíkt til stjórnvalda og eftir atvikum til viðkomandi aðildarríkis, ef skipið er í höfn viðkomandi ríkis eða hefur í hyggju að leita hafnar í höfn þess ríkis. Slíkar tímabundnar ráðstafanir á grundvelli þessa ákvæðis skulu að svo miklu leyti sem við verður komið taka mið af því vástigi sem í gildi er. Slík tilvik skal taka til skoðunar hjá viðkomandi fánaríki með það að markmiði að draga úr líkum þess að það ósamræmi sem leiddi til slíkra tímabundinna ráðstafana, komið fyrir aftur.

9. regla Skoðanir og eftirlit.

1. Eftirlit með skipum í höfnum.

- 1.1. Í þeim tilgangi að tryggja að skip fullnægi ákvæðum þessa kafla skal sérhvert skip, sem ákvæði þessa kafla nær til, háð eftirliti eftirlitsmanna (duly authorised officers), sem hafa umboð annars aðildarríkis til að framkvæma slíkt eftirlit, þegar skipið er í höfn viðkomandi aðildarríkis. Eftirlitsmenn þessir mega vera þeir sömu og getið er um í SOLAS I/19. Slíkt eftirlit skal takmarkast við að staðfesta að viðkomandi skipi hafi gilt alþjóðlegt siglingaverndarskírteini, ISSC-skýrteini eða gilt alþjóðlegt siglingabráðabirgðaskírteini, sem gefið er út í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans. Slíkt skírteini, sé það fyrir hendi og í gildi, skal teljast fullnægjandi staðfesting þess að ákvæðum þess að ákvæðum A-hluta ISPS-kóðans sé fullnægt, nema “**sérstakt tilefni**” “**Clear grounds**” sé til að ætla að viðkomandi skip fullnægi ekki viðeigandi ákvæðum þessara reglna eða A-hluta ISPS-kóðans.
- 1.2. Í þeim tilvikum þegar “**sérstakt tilefni**”/“**rökstutt tilefni** er til að ætla að skip fullnægi ekki viðeigandi ákvæðum þessara reglna eða A-hluta ISPS-kóðans eða þegar gilt skýrteini reynist ekki fyrir hendi, skulu eftirlitsmenn viðkomandi aðildarríkis grípa til einhverra þeirra ráðstafana sem getið er um í ákvæðum málsgreinar 1.3. Slíkar ráðstafanir skulu ávallt vera viðeigandi og “proportionate” = “hlutfallslegar” (taka tilliti til aðstæðna og eðli málsatvika)til samræmis við ákvæði í B-hluta ISPS-kóðans.
- 1.3. Ráðstafanir þær, sem getið er um í grein 1.2., geta verið:
 - 1.3.1. Skoðun skipsins
 - 1.3.2. “Delaying the ship” = ?För skips tafin eða heft?
 - 1.3.3. Kyrrsetning skips
 - 1.3.4. Notkun skips takmörkuð, þ.m.t. bann við færslu skips innan hafnar
 - 1.3.5. Brottrestur skips úr höfn

Slíkar ráðstafanir geta auk þess eða í stað ofangreindra ráðstafana verið aðrar vægari og viðeigandi stjórnunar- og viðbragðsaðgerðir. (lesser administrative or corrective measures).

2. Skip, sem leita hafnar í höfnum annarra aðildarríkja.(sjá frumtexta)

- 1.1 Í þeim tilgangi að tryggja að skip fullnægi ákvæðum þessa kafla áður en þau koma til hafnar og þar með koma í veg fyrir grípa þurfi til sérstakra ráðstafana gagnvart þeim, geta aðildarríki krafist þess að skip, sem óska eftir að koma til hafnar í aðildarríkinu, láti (duly authorized officer) í té neðangreindar upplýsingar: (*Hvað er skipið leggur ekki fram fullnægjandi upplýsingar? Til hvaða ráðstafana er þá gripið?*)
 - 2.1.1 Staðfestingu þess að skipið hafi gilt ISSC-skýrteini ásamt nafni þess aðila sem gaf skírteinið út.

- 2.1.2 Staðfestingu á vástigi, sem gildir um borð í skipinu;
- 2.1.3 Staðfestingu á vástigi, sem í gildi hafi verið þegar tengsl skips og hafnar áttu sér stað innan hafnasvæða á því tímabili sem tilgreint er í málsgrein 2.3 hér að neðan.
- 2.1.4 Upplýsingar um þær sérstöku eða auknu ráðstafanir, sem gripið var til í einhverra fyrri hafna sem skipið hafði viðkomu í, á því tímabili sem tilgreint er í málsgrein 2.3 hér að neðan.
- 2.1.5 Staðfestingu á að skipið hafi viðhaft viðeigandi verndarráðstafanir við tengsl skipa á hafi úti á því tímabili sem tilgreint er í málsgrein 2.3.
- 2.1.6 Aðrar nytsamlegar upplýsingar er lúta að markmiðum siglingaverndar með tilliti til ákvæða í B-hluta ISPS-kóðans.

Skipi eða félagi er skylt að leggja fram staðfestingar á því að ofangreindar upplýsingar séu réttar, sé þess krafist af hálfu aðildarríkis, og með þeim hætti sem aðildarríkið sættir sig við.

- 2.2 Skip, sem falla undir ákvæði þessa kafla, skulu, áður en þau koma til hafnar í öðru aðildarríki, leggja fram upplýsingar þær sem tilgreindar eru í málsgrein 2.1., sé þess krafist af (**officer duly authorized by that Government**) fulltrúa viðkomandi aðildarríkis. Skipstjóri skips, sem hafnar því eða lætur hjá líða að leggja fram framangreindar upplýsingar þegar þeirra er óskað, getur átt það á hættu að skipi hans verði óheimilt að koma þar til hafnar.
- 2.3 Upplýsingar þær sem skip lætur af hendi í samræmi við ákvæði málsgreinar 2.1., skulu varðveittar og vera tiltækar um borð í viðkomandi skipi. Þær skulu ná til síðustu 10 hafna sem skipið hefur komið til eða haft viðkomu í.
- 2.4 Telji fulltrúi aðildarríkis (**officer duly authorized by the Contracting government**), á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar hafa verið fram samkvæmt ákvæðum greinar 2.1., tilefni til að ætla (**have clear grounds for believing**) að skip, sem hyggst leita hafnar í höfn viðkomandi aðildarríkis, fullnægi ekki ákvæðum þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans, skal hann leitast við að koma á sambandi (**establish communication**) við viðkomandi skip og viðkomandi stjórnvöld (**Administration**) í þeim tilgangi að afla frekari upplýsinga og leita úrræða til að færa þau atriði sem ekki teljast fullnægjandi til samræmis við það sem krafist er. (**rectify**) Ef slík viðleitni til leiðréttinga ber ekki árangur eða ef fulltrúi aðildarríkisins hefur að öðru leyti tilefni til að ætla að skipið fullnægi ekki ákvæðum þessa kafla eða A-hluta ISPS-kóðans, má fulltrúinn, gagnvart því skipi, grípa til þeirra ráðstafana sem getið er um í grein 2.5. Slíkar ráðstafanir skulu þó vera hlutfallslegar og taka mið af leiðbeiningum í B-hluta ISPS-kóðans.
- 2.5 Ráðstafanir þær sem getið er um í gein 2.4 geta verið eftirfarandi:
 - 2.5.1 Krafa um að úrbætur sé gerð á þeim þáttum þar sem ákvæðum er ekki fullnægt; eða
 - 2.5.2 Krafa er gerð um að skipið haldi til tiltekins staðar innan ()lögsögu viðkomandi ríkis (**í öryggisskyni?**).

2.5.3 Krafa er gerð um að skipið sæti skoðun, sé skipið statt innan lögsögu viðkomandi ríkis, (þess sem höfnin tilheyrir), og hafi í hyggju að koma þar til hafnar.

2.5.4 Beiðni um aðgang að viðkomandi höfn er hafnað.

Áður en gripið er til framangreindra ráðstafana, skal aðildarríkið tilkynna skipinu um hinar fyrirhuguðu aðgerðir. Skipstjóri skips kann á grundvelli slíkrar tilkynningar að taka ákvörðun um að leita ekki hafnar í viðkomandi ríki eða höfn. Í slíkum tilvikum eiga ákvæði þessa kafla ekki við.

3. Viðbótarákvæði.

3.1 Þegar aðildarríki (hafnarríki) grípur til:

3.1.1 Fyrirbyggjandi verndaraðgerða, (control measure) annarra en vægra stjórnunar- eða viðbragðsaðgerða (lesser administrative or corrective measure), sem getið er um í grein 1.3.; eða

3.1.2 Þeirra ráðstafana sem getið er um í grein 2.5., skal viðkomandi fulltrúi aðildarríkis “duly authorized officer” þá þegar upplýsa viðeigandi stjórnvöld viðkomandi aðildarríkis (þ.e. þess ríkis sem höfnin eru í, er það ekki ?) skriflega um þær fyrirbyggjandi aðgerðir/kröfur (control measures) sem gripið hefur verið til gagnvart viðkomandi skipi og þar sem jafnframt er færður rökstuðningur fyrir þeim aðgerðum/kröfum. Aðildarríki sem grípur til slíkra fyrirbyggjandi aðgerða skal jafnframt tilkynna þeim viðurkennda verndaraðila, sem gaf út ()skírteini eða *ISSC-skírteini/(Ath erum við að ræða um eitthvað annað skírteini? Hvað er Siglingastofnun viðkomandi lands hefur gefið út skírteinið?)* til viðkomandi skips og Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, um þær fyrirbyggjandi ráðstafanir, sem gripið hefur verið til.

3.2 Þegar beiðni skips um heimild til að sigla til hafnar er hafnað eða þegar skip er gert brottrækt úr höfn, ber viðeigandi stjórnvöldum viðkomandi hafnar að koma upplýsingum þar að lútandi til (next appropriate port of call) þeirrar næstu hafnar sem ráðgert var að skipið sigldi til, séu upplýsingar um þá höfn fyrir hendi. Jafnframt skal senda slíkar tilkynningar til (other appropriate coastal States) annarra (strand)ríkja á grundvelli leiðbeininga sem gefnar verða út um að efni af IMO. Tryggja skal fullan trúnað og takmörkun aðgangs að slíkum upplýsingum.

3.3 Ákvörðun um að hafna beiðni skips um heimild til að sigla til hafnar í samræmi við ákvæði málslíða 2.4 og 2.5 eða um að krefjast þess að skip láti úr höfn í samræmi við ákvæði málslíða 1.1 til 1.3 skal fulltrúi aðildarríkis (duly authorized officer) því aðeins taka, hafi hann tilefni til að ætla að öryggi mannlífa, skipa og eigna sé ógnað af viðkomandi skipi, og að ekki sé með öðrum viðeigandi ráðstöfunum unnt að aflétta þeirri ógn. “removing that threat”.

3.4 Þeim fyrirbyggjandi ráðstöfunum, sem getið eru um í málslíð 1.3 hér að framan og ráðstöfunum þeim sem getið er um í lið 2.5, skal aðeins beita til samræmis við reglur þessar svo lengi sem þær vanefndir á ákvæðum þessum, sem gáfu tilefni til slíkra ráðstafana, eru viðvarandi, eða þar til

viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar og komið til framkvæmda til samræmis við kröfur aðildarríkisins.

3.5 Þegar aðildarríki grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana samkvæmt málslíðum 1 og 2 hér að framan, skulu þau:

3.5.1 Leita allra leiða til að koma í veg fyrir að för skips tefjist af nauðsynjalausu. Sé skip tafið eða kyrrsett að nauðsynjalausu, skulu eigendur þess eða rekstaraðilar eiga rétt á skaðabótum vegna hvers kyns tjóns eða kostnaðar sem þeir hafa orðið fyrir vegna þessa.

3.5.2 Tryggja að aðgangur sé heimilaður að og frá borði viðkomandi skipa í neyðartilvikum, á grundvelli (humanitarian reasons) mannréttinda og í þágu siglingaverndar.

10. regla Kröfur til hafna.

1. Hafnir skulu fullnægja viðeigandi ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans, að teknu tilliti til ákvæða B-hluta ISPS-kóðans.
2. Aðildarríki skulu, að því er varðar þær hafnir, sem falla undir ákvæði þessa kafla, tryggja að:
 - 2.1. áhættumat hafnarinnar (port facility security assessment) fari fram, þ.e. sé framkvæmt, úttekið og viðurkennt í samræmi við ákvæði A-hluta ISPS-kóðans.; og
 - 2.2. hafnarverndaráætlun, (port security plan), sé útbúin, yfirfarin og viðurkennd í samræmi við A-hluta ISPS-kóðans.
3. Aðildarríki skulu í hafnarverndaráætlun (designate) tilgreina og (communicate) upplýsa um þær ráðstafanir sem viðkomandi höfn skuli grípa til við viðeigandi/mismunandi vástig (various security level), þar með talið við hvaða aðstæður þess sé krafist að yfirlýsing um siglingavernd, (“Declaration of Security”) sé gefin út og staðfest.

11. regla

Valkvæðar verndarráðstafanir. (Alternative security arrangements)

1. Þegar aðildarríki framfylgir ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans er því heimilt að gera tvíhliða eða fjölhliða samkomulag við önnur aðildarríki um aðra tilhögun siglingaverndar, en þá sem þar er mælt fyrir um, þegar um er að ræða stuttar alþjóðlegar áætlunarsiglingar milli hafna viðkomandi ríkja.
2. Slíkt samkomulag skal ekki hafa í för með sér lakari siglingavernd gagnvart öðrum skipum sem nota sömu höfn og sem ekki lúta slíku samkomulagi.
3. Skipum, sem falla undir ofangreint samkomulag er óheimilt að viðhafa tengl við önnur skip á hafi úti(conduct ship-to-ship activities with any other ship), sem ekki er hluti slíks samkomulags.
4. Slíkt fyrirkomulag skal tekið til endurskoðunar reglulega í ljósi fenginnar reynslu og breytinga á aðstæðum eða fyrirkomulagi með tilliti til hugsanlegrar ógnunar við öryggi viðkomandi skipa, hafnarinnar og siglingleiðarinnar sem samkomulagið nær til.

12. regla Jafngildar verndarráðstafanir.

1. Stjórnvöld geta heimilað tilteknu skipi eða flokkum skipa, sem skráð eru í viðkomandi aðildarríki, að viðhafa aðrar verndarráðstafanir (security measures) en þær sem sem tilgreindar eru í þessum kafla eða í A-hluta ISPS-kóðans að því tilskildu að hinar jafngildu verndarráðstafanir skili jafngóðum eða betri árangri en þær verndarráðstafanir sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans. Þegar stjórnvöld veita undanþágu á grundvelli þessa ákvæðis, skal upplýsingum um efni og forsendur slíkrar undanþágu sendar Alþjóðasiglingastofnuninni, IMO, til kynningar.
2. Þegar aðildarríki framfylgja ákvæðum þessa kafla og A-hluta ISPS-kóðans, geta þau heimilað tiltekinni höfn eða flokki hafna **undir þeirra eftirliti og umsjón**, öðrum en þeim sem falla undir ákvæði 11. reglu, að viðhafa verndarráðstafanir sem teljast jafngildar þeim sem tilgreindar eru í A-hluta ISPS-kóðans, að því tilskildu að hinar jafngildu verndarráðstafanir skili jafngóðum eða betri árangri en þær verndarráðstafanir sem fram koma í kafla þessum eða A-hluta ISPS-kóðans. Þegar ríki veitir undanþágu á grundvelli þessa ákvæðis skal upplýsingum um efni og forsendur slíkrar undanþágu sendar Alþjóðasiglingastofnuninni, IMO, til kynningar.

13. regla Miðlun upplýsinga

1. Aðildarríki skulu eigi síðar en 1. júlí 2004 tilkynna IMO og hafa tiltækar fyrir **félög** og skip upplýsingar um:
 - 1.1. Heiti og (**contact details**) þeirrar stofnunar sem ber ábyrgð á vernd skipa og hafna.
 - 1.2. Þær hafnir innan lögsögu viðkomandi ríkis sem hafa samþykka **hafnarverndaráætlun (port facility security plan)**.
 - 1.3. Heiti og (**contact details**) þess aðila sem tryggja skal stöðuga 24 klukkustunda vakt allan sólarhringinn vegna móttöku tilkynninga um váatvik og vegna viðbragða við þeim í samræmi við ákvæði reglu 6.2.1.
 - 1.4. Heiti og (**contact details**) þess aðila sem tryggja skal stöðuga 24 klukkustunda vakt allan sólarhringinn vegna móttöku tilkynninga frá aðildarríkjum og viðbragða við þeim í samræmi við ákvæði reglu 9.3.1 um fyrirbyggjandi verndaraðgerðir.
 - 1.5. Heiti og (**contact details**) þess aðila sem tryggja skal stöðuga 24 klukkustunda vakt allan sólarhringinn við að veita skipum aðstoð og upplýsingar og taka á móti tilkynningum um grunsamleg atvik í samræmi við ákvæði reglu 7.2.

Aðildarríki skulu leiðrétta og endursenda slíkar upplýsingar þegar og ef breytingar verða sem kalla á endurskoðun þeirra. Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO, skal miðla slíkum upplýsingum áfram til annarra aðildarríkja til upplýsinga fyrir starfsmenn þeirra.

2. Aðildarríki skulu eigi síðar en 1. júlí 2004 tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, heiti og (**contact point**) þeirra viðurkenndu verndaraðila (**recognized security organizations**) sem viðurkenndir hafa verið til

að hafa með höndum skoðanir og eftirlit í umboði aðildarríkisins og þar sem fram komi nákvæmar upplýsingar um það umboð sem þeim hefur verið veitt, þ.e. um heimildir þeirra, skuldbindingar og takmörkun umboðs.

Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO, skal miðla slíkum upplýsingum áfram til annarra aðildarríkja til upplýsinga fyrir starfsmenn aðildarríkjanna.

3. Aðildarríki skulu eigi síðar en 1. júlí 2004 senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, lista er tilgreini þær hafnir innan aðildarríkisins, sem fullnægja **kröfum um viðurkennda hafnarverndaráætlun (approved port facility security plan)**. Listinn skal tilgreina (landfræðilega) það svæði eða þau svæði sem viðurkenningin nær til og þann dag sem viðkomandi viðbragðsáætlun var samþykkt. Slíkan lista skal endurskoða og senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, að nýju þegar:
 - 3.1. gerðar eru breytingar á þeim tilgreindu svæðum, sem hin viðurkennda verndaráætlun nær til. Tilkynning um breytingar skal innihalda upplýsingar um breytingar á hinu tilgreinda svæði og þann dag sem viðkomandi breytingar taka gildi.
 - 3.2. **viðurkennd hafnarverndaráætlun viðkomandi hafnar**, sem tilgreind var á lista til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, er felld úr gildi. Í slíkum tilvikum skal tilkynningin hafa að geyma upplýsingar um þann dag sem hafnarverndaráætlunin fellur úr gildi eða var felld úr gildi. Tilkynningar um að hafnarverndaráætlun hafi verið felld úr gildi, skal koma á framfæri við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO, við fyrsta tækifæri.
 - 3.3. höfn, sem ekki áður var á lista yfir hafnir með samþykktu hafnarverndaráætlun, hefur fullnægt skilyrðum þess að vera á listanum. Tilkynningar um nýja höfn á lista skal hafa að geyma upplýsingar um það svæði sem viðurkenningin tekur til og þann dag sem viðurkenningin tekur gildi.
4. Aðildarríki skulu á 5 ára fresti eftir 1. júlí 2004 senda IMO endurskoðaðan lista þar sem allar hafnir innan aðildarríkisins með gilda hafnarverndaráætlun eru tilgreindar. Í tilkynningu skulu koma fram þau svæði sem hin viðurkennda hafnarverndaráætlunin nær til, ásamt þeim degi sem viðurkenningin tók gildi. (Listinn skal einnig tilgreina breytingar á fyrri samþykktum höfnum og hvenær þær breytingar tóku gildi). Slíkur endurskoðaður listi aðildarríkis kemur í stað þeirra tilkynninga sem áður hafa verið sendar IMO samkvæmt ákvæðum 3 málsliðar hér að ofan s.l. 5 ár.
5. Aðildarríki skulu senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, upplýsingar um valkvæðar verndarráðstafanir sem gerðar hafa verið á grundvelli 11. reglu. Upplýsingar um valkvæðar verndarráðstafanir skulu hafa að geyma:
 - 5.1. Nafn þeirra aðildarríkja, sem samþykkt hafa valkvæða verndarráðstöfun,
 - 5.2. þær hafnir og þær föstu áætlanasiglingar sem samþykktin tekur til,
 - 5.3. gildistíma slíkrar samþykktar og ákvæði um endurskoðun.
 - 5.4. Þann dag sem samþykktin tekur gildi
 - 5.5. upplýsingar um þær viðræður sem hafa á sér stað og það samkomulag sem gert hefur verið við önnur aðildarríki.

Upplýsingar um valkvæðar verndarráðstafanir skal senda Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, eins skjótt og kostur er, allar breytingar á fyrirkomulagi slíkra verndarráðstafana og þegar þær verndarráðstafanir eru felldar úr gildi.

6. Aðildarríki, sem á grundvelli 12. reglu veitir samþykki fyrir jafngildum verndarráðstöfunum að því er varðar skip sem skráð er í viðkomandi aðildarríki eða höfn innan aðildarríkisins, skal veita Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, allar viðeigandi upplýsingar um slíkt fyrirkomulag.
7. Upplýsingar sem sendar eru Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, á grundvelli 3. málslíðar hér að ofan, er stofnuninni skylt að láta í té öðrum aðildarríkjum, óski þau eftir þeim.

Endir